

stuttlega getið. Með áramótunum var ákveðið að stækka blaðið er svaraði þriðjungi, en fækka tölublöðum að því skapi, svo að sömu 18 arkirnar væri gefnar út á ári eftir sem áður, en að eins eitt númer á mánuði hverjum. Þá þótti og tilhlýðilegt, að gjöra árgangaskifti með áramótunum. Kaupendur, sem gjörðust áskrifendur með byrjun útkomu blaðsins, fá það til fyrsta júlí næstkr. fyrir \$1.00, eins og um var samið, og þeir sem gjörðust kaupendur þessa árgangs (II.) fá hann allan til ársloka 1905 fyrir \$1.00. Verðið er ekki fært upp og áskrifendagjaldið miðað við 18 arkir, hvað sem árskiftum eða árgangaskiftum liggur.

Enn þá vildum vér minna útsolumenn þá og kaupendur á, sem engin skil hafa gjört oss enn þá, að tíminn er kominn, er vér förum að þurfa á öllu því að halda, er blaðinu ber. Enn fremur væri það vinabragð í vorn garð, að þeir, sem málefnum Heimis eru hlynntir, vildi útvega nýja kaupendur að þessum ár-gangi. Hver kaupandi Heimis getur fengið einn áskrifanda, ef hann vill, án mikillar fyrirhafnar. Það tryggði framtíð blaðs-ins um ókominn aldur, hversu sem móti því væri unnið. Það myndi ekki kosta mörg ómök hvern, en spara útgefendum stórmikið verk, er þeir fá naumast komist yfir.

Nýir kaupendur að II. árgangi fá allt það, sem út er komið af ritinu, og annað þessara tveggja rita síra Björns sál. Péturnar „Prenningararlærdómurinn“ og „Katekismus Unitara“, fyrir \$1.35, eða II. árgang Heimis og bæði ritin meðan upplag þeirra hrekkur fyrir \$1.00. Eða Heimir frá byrjun til ársloka 1905 fyrir \$1.25. Einnig nýir kaupendur að báðum mánaðarritunum Heimi og Freyju fá þau bæði fyrir \$1.50, ef pantanir eru sendar á skrifstofu annars hvors blaðsins, og peningar fylgja. Útsölu-mönnum er borgað 20 prct. sölulaun, ef borgun fylgir, en til þeirra, er bæði blöðin taka fyrir þetta niðursetta verð, verða engin sölulaun greidd. Vér vonum að kaupendur meti þessi tilboð og greiði fyrir útbreiðslu Heimis, sem mest þeir mega.

{ "Heimir", 785 Notre Dame, Wpg.  
eða  
555 Sargent Ave. Wpg. }

